

**HVALFJARÐAR  
SVEIT**



## Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrímel 3  
301 Akranes

Sími: 433 8500

Fax: 433 8501

Kt. 630606-1950

27.10.2015

1510025 ÓM

### Tillaga að starfsleyfi fyrir Norðurál á Grundartanga ehf.

Við er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 19. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar við tillögu að starfsleyfi fyrir Norðurál á Grundartanga.

Athugasemdir umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar sem samþykktar voru af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 27. okt. 2015 eru eftirfarandi:

Um er að ræða framleiðsluaukningu upp á 50.000 tonn og hefur Hvalfjarðarsveit áður gefið út að framleiðsluaukningunni geti ekki fylgt meiri losun flúors, þar sem lítið sé svo á að þolmörkum flúors á svæðinu sé náð. Því sé nauðsynlegt að herða viðmiðunarmörk fyrir flúor í nýju starfsleyfi. Fyrirliggjandi starfsleyfisdrög gera ráð fyrir því sbr. gr. 3.9 um losunarmörk. Sé starfsleyfi fyrir Fjarðaál á Reyðarfirði skoðað kemur hins vegar í ljós að losunarmörk fyrir flúor þar eru enn þrengri, eða 0,35 kg/t Al. Hvalfjarðarsveit telur eðlilegt og rétt að samræmi sé milli starfsleyfa álvera hvað losunarmörk varðar og fer fram á að Umhverfisstofnun útskýri hvers vegna losunarmörk Alcoa Fjarðaáls séu önnur en Norðuráls á Grundartanga. Einnig telur Hvalfjarðarsveit eðlilegt að Norðurál á Grundartanga geti sýnt fram á það í verki og með raunmælingum að hægt sé að efla mengunarvarnir þannig að álverið geti haldið sig innan nýrra og hertra markmiða áður en endanlegt starfsleyfi er gefið út. Þannig fer Hvalfjarðarsveit fram á að byrjað sé á að veita Norðuráli tímabundið starfsleyfi þar til að ljóst sé með raunmælingum að fyrirtækið geti haldið sig innan nýrra og hertra marka.

Hvalfjarðarsveit bendir einnig á, og tekur undir gagnrýni um að Norðurál hafi umsjón með vöktun, mælingum og mati á þeim, ásamt útgáfu skýrsla vegna eigin mengunar.

Þá gerir Hvalfjarðarsveit eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði starfsleyfistillögunnar:

1.6 „Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út.....“ Er hér átt við alla mengun, svo sem loftmengun, hljóðmengun, rykmengun, mengun í vatni, sjó, frárennsli o.s.frv.?

1.8 Til að auka trúverðuleika umhverfisvöktunar telur Hvalfjarðarsveit rétt að Umhverfisstofnun boði til kynningarfundar um umhverfisvöktunar á sínum forsendum en ekki fyrirtækjanna/rekstraraðila og á hlutlausum kynningarstað.

Þá gagnrýnir Hvalfjarðarsveit að upplýsingar er varða umhverfisvöktun berist almenningi eftir á en það útilokar viðbrögð við hugsanlegri mengunarhættu. Hvalfjarðarsveit óskar eftir símælingum, sér í lagi hvað varðar flúor, og öflugri upplýsingagjöf á rauntíma.

1.10 Nokkuð hefur borið á umræðu um þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Hvalfjarðarsveit óskar eftir samantekt Umhverfisstofnunar um þynningarsvæðið, hvernig það var upphaflega fundið og kortlagt hvort raunmælingar undanfarinna ára styðji við þann uppdrátt sem fyrir liggur í starfsleyfisdrögunum um mörk þynningarsvæðisins.

Jafnframt óskar Hvalfjarðarsveit eftir meira gagnsæi í tengslum við mælingar á flúoríði þannig að ekki sé einungis reiknað meðaltal, heldur séu sýnd hæstu gildi og tíðni þeirra. Það gefur að mati Hvalfjarðarsveitar mun betri mynd en meðaltalsgildi. Einnig óskar Hvalfjarðarsveit eftir því að mælingartímabilið sé allt árið en ekki 1. apríl – 30. september.

2.4 Hvalfjarðarsveit telur ekki rétt að þrátt fyrir að rekstraraðili reki innra eftirlit sé möguleiki á að draga úr reglubundnu ytra mengunareftirliti. Slíkt ýtir ekki undir trúverðugleika eftirlitsins. Sambærilega klausu er ekki að finna í starfsleyfi Alcoa Fjarðaáls, svo dæmi séu tekin.

2.5 Hvalfjarðarsveit finnst vanta upp á sýnileika viðbragðsáætlunar og leggur til að hún sé gerð opinber og aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2.7 Varðandi mengunaróhöpp finnst Hvalfjarðarsveit óljóst hvað átt er við með „eins fljótt og kostur er“ og telur nauðsynlegt að setja inn tímamörk. Einnig þarf að vera ljóst hvert ferlið er í framhaldi af tilkynningu til eftirlitsaðila, t.d. hvað varðar almenning á svæðinu og gagnvart búfjáreigendum. Mengunaróhöpp hafa átt sér stað hjá Norðuráli en verulega hefur skort á upplýsingar til almennings þegar það hefur gerst. Hvalfjarðarsveit telur nauðsynlegt að bæta úr þessu.

2.9 Hvalfjarðarsveit gerir athugasemd við að opnað sé á þann möguleika að draga úr tíðni mælinga.

3.1 Í starfsleyfi Alcoa Fjarðaáls (gr. 1.3) segir: „Bestu fánlegu tækni hefur verið lýst í BREF1 skjali um non-ferrous málmíðnað, skv. ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 96/61/EB, um samþættar mengunarvarnir og eftirlit, og verið skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM2)“. Hvalfjarðarsveit fer fram á að sambærilegt ákvæði sé í starfsleyfi Norðuráls.

3.24 Hvalfjarðarsveit gerir athugasemdir við það að ekki skuli fara fram jarðgerð á lífrænum úrgangi frá Norðuráli, jafn stór og vinnustaðurinn er.

3.28! Hvalfjarðarsveit finnst vanta umfjöllum um lýsingu og ljósmengun í kaflann ANNAD í starfsleyfinu. Mikið hefur borið á kvörtunum vegna ljósmengunar frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og ljóst að við því þarf að bregðast.

4.1 Hvalfjarðarsveit gerir athugasemd við að ekki skuli gert ráð fyrir árlegum mælingum á PAH-efnum.


4.5 Hvalfjarðarsveit bendir á réttmæta gagnrýni varðandi framkvæmd mælinga og að rekstraraðili skuli sjálfur eiga að ábyrgjast mælingar vegna eigin mengunar. Hvalfjarðarsveit telur löngu tímabært að endurskoða þetta ákvæði.

Kafli 6 – Gildistaka. Hvalfjarðarsveit gerir athugasemd við gildistíma starfsleyfisins og finnst hann of langur. Sjá einnig umfjöllun um tímabundið starfsleyfi hér að ofan.

Að lokum vill Hvalfjarðarsveit taka undir með Faxaflóahöfnum um að:

- a) Komið verði á upplýsingamiðlun til íbúa í grennd við Grundartanga svo að þeir geti brugðist við ef óhagstætt veðurfar er talið geta aukið líkur á að dreifing flúors verði umfram það sem þynningarsvæði og reiknilíkön gera ráð fyrir.
- b) Umhverfisstofnun komi á fót samráðsvettvangi og auknu samráði milli þeirra aðila sem vinna að umhverfisvöktun á Grundartangasvæðinu. Einnig að framsetning umhverfisupplýsinga bætt þannig að íbúar í nágrenni svæðisins hafi greiðan aðgang að grundvallarupplýsingum varðandi stöðu mála.

Virðingarfyllst,

A circular stamp containing a handwritten signature in black ink. The signature is a cursive, stylized name. The stamp is positioned over a horizontal line.

Ólafur Melsted  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)